

fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan Borgarneshrepps. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði, skv. reikningi rafveitunnar.

Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness, nr. 56 12. apríl 1960.

*Atvinnumálaráðuneytið, 5. marz 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Breiðdæla.

### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Breiðdæla.

Heimili þess og varnarþing er Breiðdalsvík.

### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Breiðdalsá, Norðurdalsá, Tinnudalsá og Þverám og lækjum, sem í þær renna, en þær eru Ós, Lágafell, Eyjar, Skjöldólfsstaðir, Fagrigalur, Brekkuborg, Randversstaðir, Skriða, Skriðustekkur, Flaga, Ánastaðir, Þorgrímsstaðir, Höskuldsstaðasel, Höskuldsstaðir, Jórvík, Ásunnarstaðir, Árgarður, Hóll, Innri-Kleif, Ytri-Kleif, Kleifarstekkur, Skarð, Tóarsel, Tungufell, Þorvaldsstaðir I og II, Hliðarendi, Þrastahlíð, Gilsá, Gilsárstekkur, Eydalir, Fellsós, Fell, Ormstaðir og Þverhamar I til VIII, Holt og Breiðdalsvík.

### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

**5. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

**6. gr.**

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

**7. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

**8. gr.**

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

**9. gr.**

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 4. marz 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Jón L. Arnalds.*

**AUGLÝSING**

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 47 18. marz 1964.

I. og II. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

**I. RAFORKA**

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og á því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 5.00 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.44 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 720 00 á ári fyrir 25 m<sup>2</sup> gólfplöt eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 22.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>. Þennan gjaldskrárlið má nota í verzlunum fyrir kælisþápa og 1-fasa mótora upp að 3 kw. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 15 fermetra gólfplatar á ári.